



Skipulags,- byggingar, og veitunefnd (SBV)

Fundur haldinn í skipulags,- byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 22. nóvember 2006 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33. Mættir eru undirritaðir.

Formaður, Zophonías Ari Lárusson setti fundinn og stjórnaði honum. Óskað var eftir breytingu á röðun dagskrár og fundurinn samþykkti það.

Erindi og afgreiðslur:

1. Erindi dagsett 1. nóvember 2006. Sigurður Jóhannesson eigandi að Aðalgötu 11 sækir um að breyta stöðu hússins við Aðalgötu.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir erindið, enda telur hún umferðaröryggi aukast og húsið þá fært í það horf er önnur hús við götuna lúta.
2. Vatnsveita að Hnjúkahlíð, frumáætlun, samkvæmt samþykki fundar 9. október 2006.
Afgreiðsla:
Fyrir liggur frumáætlun kostnaðar að upphæð alls kr. 29,600 þús. Miðað við lög neðan af Blönduósi. Rætt var um fleiri kosti, tæknideild og byggingarfulltrúa falið að afla frekari upplýsinga og ræða við jarðeiganda.
3. Erindi frá slökkviliðsstjóra dagsett 8. nóvember 2006. Þar sækir Andrés Leifsson f.h. Brunavarna A-Hún um leyfi til að staðsetja æfingagám á urðunarsvæði við Draugagil og stöðuleyfi til einhvers tíma.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir stöðuleyfi fyrir gáminn til eins árs á urðunarsvæðinu.
4. Skipulagsmál.
Samþykkt var að deiliskipulag við Smárabraut og Sunnubraut verði unnið með tilliti til fyrirliggjandi gatnahönnunar. Fram voru lögð lóðabréf – drög, að Brimslóð 2 – 4 – 6 og 10 og Aðalgötu 2 – 4. Nefndin telur rétt að rannsaka frekar lóðastærðir þar sem einhver vafi leikur á þeim. Að örðu leyti lýsir nefndin yfir ánægju með drögin.
5. Hnjúkahlíð, deiliskipulag vegna frístundabyggðar. Fyrir lágu teikningar af svæðinu gerðar af “Teikn á lofti” og eru óáritaðar.
Afgreiðsla:
Nefndin heimilar auglýsingu skipulagsins fyrir sitt leyti.

Þegar hér var komið vék Zophonías Ari af fundi og Sigurður Jóhannesson kom inn sem varamaður.
6. Erindi dagsett 13. nóvember 2006. Lárus B. Jónsson h.f. Búrfjalla ehf. sækir um leyfi til að klæða að utan húseignina að Aðalgötu 3b.
Afgreiðsla:
Nefndin hafnar erindinu með vísan til greinar 75.5 í byggingarreglugerð og þá er bent á að leggja skal fram aðaluppdrætti er sýni útlitsbreytingar.
7. Erindi dagsett 13. nóvember 2006. Lárus B. Jónsson f.h. Búrfjalla ehf. gerir athugasemdir við lóðablað vegna Aðalgötu 3b.
Afgreiðsla:
Afgreiðslu erindisins frestað þar til aðaluppdrættir liggja fyrir.
8. Önnur mál.



- a. Smárabraut 10 -12. Fyrirspurnarteikningar lagðar fram. Nefndin gerir ekki athugasemdir við teikningarnar.
- b. Smárabraut 10 -12. Sótt um graftarleyfi.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir erindið í ljósi framlagðra fyrirspurnarteikninga og með þeim fyrirvara að áritaðir aðaluppdrættir liggi fyrir eigi síðar en 10. desember 2006.
- c. Byggingarframkvæmdir í óleyfi við Sunnubraut 7.
Afgreiðsla:
Í samræmi við 11. kafla byggingarreglugerðar samþykkir nefndin að beina því til bæjarstjórnar að húsin verði fjarlægð þar sem ekki hefur verið uppfyllt ákvæði byggingarreglugerðar no. 11 og 121.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19,50

Zophonías Ari Lárusson, formaður
Þorgils Magnússon
Ágúst Þór Bragason
Sigurður Jóhannesson
Eyjólfur Þórarinsson, byggingarfulltrúi
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri

Ragnar Ingi Tómasson, ritari